

Nd.

99. Frumvarp til laga

[74. mál]

um breyting á lögum nr. 71 24. apríl 1954, um happdrætti dvalarheimilis aldraðra sjómanna.

Frá allsherjarnefnd.

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

Heimilt skal dvalarheimili aldraðra sjómanna að stofna happdrætti um bifreiðar, bifhjól, báta, búnaðarvélar, íbúðarhús og einstakar íbúðir.

Verð happdrættismiða skal ákveðið af ráðherra, að fengnum tillögum frá stjórn dvalarheimilis aldraðra sjómanna.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt samkvæmt beiðni atvinnumálaráðherra, en einstakir nefndarmenn hafa óbundnar hendur um að flytja eða fylgja breytingartillögum, sem fram kunna að koma.

Svo hljóðandi greinargerð fylgdi frumvarpinu:

Frumvarp þetta er borið fram eftir beiðni stjórnar dvalarheimilis aldraðra sjómanna, og hefur stjórn dvalarheimilisins gert svofellda grein fyrir frumvarpinu:

„Á síðasta Alþingi voru samþykkt lög um happdrætti dvalarheimilis aldraðra sjómanna, þar sem dvalarheimilinu var heimilað að efna til happdrættis um bifreiðar, báta og búnaðarvélar. Öllum ágóða af happdrætti þessu skal varið til byggingar dvalarheimilisins í Laugarási við Reykjavík.

Undirtektir þjóðarinnar við málefni dvalarheimilis aldraðra sjómanna hafa orðið eindæma góðar. Bæði hafa stórgjafir frá einstaklingum borizt stofnuninni og þátttaka í happdrættinu hefur orðið meiri en nokkur þorði að gera sér vonir um í upphafi, þannig að eftirspurn eftir hlutamiðum hefur orðið meiri en svo, að allir fengju miða, sem vildu, og hefur orðið að synja mörgum um miða við hvern drátt. Til þess að koma til móts við óskir hins stóra hóps viðskiptavina happdrættisins er farið fram á, að val um vinninga verði aukið frá því, sem er í núgildandi lögum, þannig að vinningar í happdrættinu í framtíðinni verði ekki eingöngu bundnir við bifreiðar, báta og búnaðarvélar, heldur verði einnig hægt að bjóða upp á bifhjól, íbúðarhús og einstakar íbúðir, eftir því sem aðstæður leyfa og talið verður hagkvæmt hverju sinni. Stjórn happdrættis dvalarheimilis aldraðra sjómanna telur fullvíst, að þessi rýmkun um val vinninga í happdrættinu muni auka vinsældir þess meðal almennings og stuðla að því að flýta byggingu dvalarheimilisins í Laugarási.“